

Nd.

458. Breytingartillögur

[11. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 15. apríl 1971, sbr. lög nr. 57 21. apríl 1974, um fiskvinnsluskóla.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr.
 - a. Upphaf greinarinnar orðist svo:
3. gr. orðist svo:
 - b. 3. mgr. greinarinnar orðist svo:
Skólinn skal hafa samráð við Framleiðslueftirlit sjávarafurða um námskeiðahald fyrir matsmenn samkvæmt þessari grein.
2. Við 2. gr. Greinin verði 3. gr. frumvarpsins og í stað „11 mánaða“ komi: 9 mánaða.
3. Við 3. gr. Greinin verði 2. gr. frumvarpsins og orðist svo:
7. gr. hljóðar svo:
Menntamálaráðherra skipar fimm manna skólanefnd með þessum hætti:
Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands, einn eftir tilnefningu Fiskiðnar, fagfélags fiskiðnaðarins, og einn úr hópi reglulegra nemenda skólans. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir án tilnefningar, annar skal vera frá Framleiðslueftirliti sjávarafurða, hinn úr röðum framleiðenda. Fimm varamenn skulu skipaðir með sama hætti.
Ráðherra skipar formann.
Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en hinna til fjögurra ára.
Um starfssvið og skyldur skólanefndar skal kveðið nánar á í reglugerð.
4. Við 4. gr. Við greinina bætist:
Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 57 21. maí 1974.
5. Við fyrirsögn. Orðin „sbr. lög nr. 57 21. apríl 1974“ falli brott.